

Janúar 2024



GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu Reykhólahrepps

Tengigjald:

Tengigjald fyrir einbýlishús er kr. 217.000.

Tengigjald fyrir fjölbýlishús er kr. 217.000 fyrir fyrstu íbúð en kr. 130.000 á hverja íbúð þar umfram.

Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði er kr. 329.000

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta tengigjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Tengigjald skal innheimta við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

Fráveitugjald er 0,25% af heildarfasteignarmati.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins.

Fráveitugjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Fráveitugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjöld samkvæmt gjaldskránni, önnur en fráveitugjald, miðast við byggingavísitölu í desember 2023 (115,7 stig) og breytast í samræmi við hana árlega.

Gjaldskráin verður birt í B-deild Stjórnartíðinda og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1767/2021.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 13. desember 2023

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri